

## Aukaúthlutun 2009

### Úthlutunarreglur vegna verkefnastyrkja til menningarmála

1. Umsækjendur geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á Norðurlandi eystra.
2. Menningarráð Eypings skilgreinir verkefni í flokka; stór samvinnuverkefni, minni samvinnuverkefni og svæðisbundin verkefni og verkefni einyrkja.

**Stór samstarfsverkefni.** Í þessum flokki þurfa a.m.k. þrjú aðilar að starfa saman og einkum er horft til verkefna sem tengja saman Norðausturland og hvetja til samstarfs og samvinnu þeirra sem að jafnaði vinna ekki saman. Styrkur getur aldrei orðið hærri upphæð en sem nemur 80% af heildarkostnaði verkefnisins.

**Undirbúningsstyrkir vegna stærri verkefna.** Undirbúningsstyrkurinn er til að auðvelda aðilum af stærra svæði að ná saman, kanna forsendur og undirbúa verkefnaumsókn til ráðsins. Í umsókninni þurfa að koma fram skilgreind markmið verkefnisins sem sótt er um undirbúningsstyrk til, ávinningur af samstarfi og væntanleg niðurstaða verkefnisins. Umsókn þarf að fylgja staðfesting þátttakenda í verkefninu og hlutverk hvers þeirra. Hámarksundirbúningsstyrkur er 100.000.- á hvern þátttakanda, þó aldrei hærri en 50% af heildarkostnaði verkefnisins.

**Minni samstarfsverkefni.** Samstarf getur verið svæðisbundið, milli staða, einstaklinga, stofnana eða listgreina. Styrkur getur aldrei orðið hærri upphæð en sem nemur 50% af heildarkostnaði við verkefnið.

**Minni svæðisbundin verkefni og verkefni einyrkja.** Styrkur getur aldrei orðið hærri upphæð en sem nemur 50% af heildarkostnaði við verkefnið.

**Hámarksupphæð styrkja í aukaúthlutun er 400.000.-**

**Umsækjendur þurfa að sýna fram á fleiri fjárhagslega bakhjarla en Menningarráð Eypings.**

#### Áherslur ársins 2009

Verkefni sem fá úthlutað í aukaúthlutun þurfa að fara fram á tímabilinu október 2009 til janúar 2010. Menningarráðið leggur jafnan áherslu á að þau verkefni sem hljóta styrki efli á einhvern hátt samstarf og/eða samvinnu í menningarmálum á Norðausturlandi eða dragi fram menningarleg sérkenni svæðisins. Auk þessa hefur ráðið ákveðið að árið 2009 hafi þau verkefni forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:

- Verkefni sem hvetja til samstarfs einstaklinga, hópa, byggðarlaga eða listgreina. Sérstaklega er horft til verkefna sem eru samstarf þriggja eða fleiri aðila og tengja saman Norðausturland
- Verkefni sem stuðla að samvinnu atvinnumanna í listum og leikmanna
- Verkefni sem hvetja til samvinnu ólíkra þjóðarbrotu í samstarfi við Íslendinga. Verkefnin geta tengst tónlist, danslist, myndlist, bókmenntum og fl.
- Verkefni sem efla þekkingu og fræðslu á sviði menningar og lista
- Verkefni sem efla atvinnustarfsemi á sviði menningar og lista

3. Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis og notkun heimilda ef þarf, sem og öðrum þáttum verkefnisins.

4. Menningarráðið mun ekki veita rekstrar-, stofnkostnaðar- eða endurbótastyrki. Ekki verður heldur styrkt skráning á menningarminum, starfsemi íþróttafélaga, bæjarhátíðir, almennar samkomur (s.s. tónleikar og sýningar án sýnilegrar sérstöðu), almenn bókaútgáfa, safnaðarstarf og hefðbundið menningarstarf innan skóla.

5. Menningarráð Eypings og styrkþegi gera með sér sérstakan samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag greiðslu. Styrkþegi skal skila skriflegri lýsingu (lokaskýrslu) á framkvæmd og árangri verkefnisins innan árs frá samþykkt umsóknar. Að öðru leyti ber styrkþega að veita Menningarráði Eypings upplýsingar um framkvæmd verkefnisins þegar og ef eftir því verður leitað. Verkefnum sem fá úthlutað í aukaúthlutun þarf að ljúka í janúar 2010.

6. Umsóknir þurfa að vera á eyðublöðum frá Menningarráðinu og pósthimplaðar eigi síðar en síðasta umsóknardag.